

Kílómetragjald – Dagpeningar

Breytingar í staðgreiðslu frá 1. desember 2000

Kílómetragjald

Mat á kílómetragjaldi, til frádráttar á móti fengnum ökutækjastyrk, hefur breyst nokkuð ört undanfarið. Er því rétt að benda á að á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, má finna þær fjárhæðir sem tilgreindar eru hér að neðan og gilda frá 1. des., og að auki þær fjárhæðir sem gilt hafa fyrr á árinu.

Almennt kílómetragjald frá 1. des.:

Fyrstu	10.000 km	kr. 45,70 pr. km
Næstu	10.000 km	kr. 41,15 pr. km
Umfram	20.000 km	kr. 36,55 pr. km

Sérstakt gjald

Ef greitt er sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag er kílómetragjaldið 15% hærrí en almennt kílómetragjald.

Torfærugjald

Ef greitt er torfærugjald vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum er kílómetragjaldið 45% hærrí en almennt kílómetragjald.

Takmörkuð afnot bifreiða

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða metin kr. 45,70 pr. km.

Dagpeningar innanlands

Mat á kostnaði á móti dagpeningum til greiðslu og fæði innanlands verður:

- Gisting og fæði í einn sólarhring kr. 9.900
- Gisting í eina nótt kr. 5.600
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag kr. 4.300
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag kr. 2.150

Dagpeningar erlendis

Dagpeningar til greiðslu á gistingu, fæði og fargjöldum frá og að flugvöllum og öðrum sambærilegum fargjöldum erlendis. Gildir frá 1. desember 2000:

Almennir dagpeningar

	Gisting	Annað	Samtals
Bretland og Rússland	SDR 128	90	218
New York borg og Washington DC	SDR 132	78	210
Asía og S-Ameríka	SDR 130	105	235
Annars staðar	SDR 95	90	185

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

	Gisting	Annað	Samtals
Bretland og Rússland	SDR 82	58	140
New York borg og Washington DC	SDR 85	50	135
Asía og S-Ameríka	SDR 83	67	150
Annars staðar	SDR 61	58	119

Eina breytingin á dagpeningum erlendis er að Afríka er nú ekki í flokki með Asíu og S-Ameríku heldur fellur undir flokkinn „Annars staðar“. Fjárhæðir eru óbreyttar frá 1. júní.

Skilyrði fyrir því að halda megi dagpeningagreiðslum utan staðgreiðslu eru að fyrir liggja gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

LEIÐRÉTTING:

Sjómennska/fiskveiðar

Í orðsendingu nr. 7/2000 er yfirskrift fyrir reit 05 á launamiða „Par af vegna fiskveiða“. Hún er ekki rétt og á að vera óbreytt frá fyrra ári „Par af vegna sjómennsku sem veitir rétt til sjómannaafsláttar“. Yfirskriftin verður rétt á launamiðum og í skýringum á bakhlið þeirra.